

## DIDDÚ OG DRENGIRNIR



### ICELANDIC SONGS FROM THE NEW WORLD

SÖNGLÖG VESTUR-ÍSLENDINGA

*Music of the Icelandic Immigrants in Canada*





## LÖG EFTIR VESTUR-ÍSLENSK TÓNSKÁLD

Skáldskapur Vestur-Íslendinga var alla síðustu öld í hávegum hafður á Íslandi og tilvera helstu skálda vestra gat ekki farið framhjá neinum þegar sá sem þetta skrifar var á unglingsaldri. Fóru þar fremstir Stephan G. Stephansson sem ljóðskáld og Jóhann Magnús Bjarnason fyrir laust mál. Sá fyrrnefndi var óneitanlega með rismestu ljóðskáldum tungunnar en Jóhann hins vegar ótrúlega leikandi og skemmtilegur prósahöfundur. Fleiri skáld voru einnig nefnd, t.d. Guttormur J. Guttormsson, Jakobína Johnson og auðvitað Káinn, meistari lausavísunnar.

Svo margir Íslendingar fluttu vestur að ljóðhefðin hlaut að fylgja með og halda áfram að þroskast – að minnsta kosti um skeið – á íslensku.

En minni sögum fer af vestur-íslenskum tónsmíðum. Því er gjarnan haldið fram að hér á landi hafi ekki verið neitt tónlistarlíf um það leyti sem vesturferðir hófust og stóðu sem hæst. Höfðu menn þá enga tónlist með sér vestur? Er það þess vegna sem við heyrum lítið sem ekkert af tónlistarmönnum?

Fákunnátta mín var langvinn, lengi vel vissi ég ekki að Vestur-Íslendingar hefðu samíð tónlist. Um það var líka lítið fjallað opinberlega. Þó voru tvö lög að vestan alþekkt í minni æsku, en uppruninn ekki. Þetta voru Vormenn Íslands eftir Jón Friðfinnsson og Skín við sólu Skagafjörður eftir Sigurð Helgason. Ljóðanna vegna kom tenging við Ameríku varla í hugann.

Þegar ég fór fyrst að huga að íslenskum tónskáldum vestra fyrir 30 árum eða svo kom mér á óvart að sum höfðu haft tónlist að heiman með sér vestur – úr tónlistarleysinu meinta. Það var tónlistarlíf á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og það átti sér framhald vestra, rétt eins og skáldlistin. Menn höfðu jafnvel hljóðfæri með sér að heiman. Ekki leið á löngu þar til íslenskar hljómsveitir urðu þar til – einkum þó lúðraflokkar. Vel má vera að þegar um næstsíðustu aldamót hafi fjöldi íslenskra tóniðkenda vestra verið kominn fram úr fjöldanum í heimalandinu. Menn hafa notið þess vestra heldur en á Íslandi að hafa betra aðgengi að annarri tónlist en þeirri sem menn fluttu sjálfir.

Tengsl tónlistariðkunar við trúarlegt safnaðarstarf vesturfara voru mikil. Safnaðardeilur og klofningur höfðu greinileg áhrif á búsetu og flutninga íslensku tónlistarmannanna milli íslensku byggðanna vestra. Höfuðkirkjur Íslendinga í Winnipeg voru burðarásar tónlistariðkunar. Sömuleiðis söfnuðir íslenskra únitara eftir að gróska komst í þeirra starf. Íslenskir kórar störfuðu við kirkjurnar, auk þess sem söngstjórar og organistar voru margir hverjir íslenskir.

Á síðari árum hafa menn í auknum mæli gefið tónlistarlífi Íslendinga vestra gaum en svo virðist sem mikið verk sé óunnið við söfnun, varðveislu og útgáfu verka þeirra tónskálda og sönglagahöfunda sem gerðu garðinn frægan vestra á sinni tíð. Sérstaka athygli vekur að íslenskir tónlistarmenn vestra voru ekki smeykir við að semja löng samsett kórverk, svo sem kantötur og óratórió. Þetta var í meira mæli en á Íslandi. Lítið er þó um að verk þessi hafi verið flutt á síðari árum. Sömuleiðis heyrst lítið af þeirri hljóðfæratónlist sem heimildir geta þó um.

Er hér fjallað í örfáum orðum um þá lagahöfunda sem eiga verk á þessum disk.



Guttormur J. Guttormsson author of the poem *Sandy Bar* at the Sandy Bar Cemetery which dates back to 1876-1877



## WORKS BY WEST ICELANDIC COMPOSERS

Between 1870 and 1915, over 20,000 Icelanders left their homeland, fleeing difficult conditions made even worse by the eruption of Mount Askja. They sought a better life in North America, most moving to Manitoba, other parts of Canada and areas in the northern states of the USA. The region they moved to is often referred to as the West, and those who went are collectively known as West Icelanders. Those two terms are preserved in this English translation.

Expatriate West Icelandic writers were held in high esteem during the 20th century—everyone knew their works when I was in my teens. Stephan G. Stephansson was the leading poet, and Jóhann Magnús Bjarnason was foremost among writers of prose. The former was undoubtedly one of the greatest of all poets who wrote in the Icelandic language, while Jóhann penned works of supreme wit and entertainment. Other prominent writers included Gut-tormur J. Guttormsson, Jakobína Johnson and Káinn, the master of the quatrain.

So many Icelanders emigrated to the West, their poetic tradition was destined to thrive and flourish—for some considerable time at least—in Icelandic.

Emigrant composers, however, were rather less well known. It has often been said that the music scene in Iceland was barren around the time when emigrations reached their peak. Did those who moved to the West not take any music with them? Is that why we have heard so little of those musicians?

For many years I was quite unaware that West Icelanders had written any music. There was little public discussion on that subject. Two songs from the West were widely known when I was a young man, although few people were familiar with their origins. They were Jón Friðfinnsson's *Vormenn Íslands* and *Skín við sólu Skagafjörður* by Sigurður Helgason. Their lyrics have little connection with America.

When I first turned my thoughts towards

Icelandic composers in North America, some 30 years ago, I was surprised to discover that some of them had taken music with them when they departed what many believed was a musically barren land. The music scene in Iceland during the second half of the 19th century was quite active, and it continued in the same vein, along with poetry, when the émigrés moved westwards. They took their instruments with them, and it was not long before Icelandic ensembles came together—usually groups of wind instruments. It may well be that by the end of the century, the number of Icelandic musicians in the West surpassed the number back in their homeland. The emigrant communities had access to a much broader range of musical styles.

The ties between music and religious worship in North America were strong. Religious tension and division had a marked effect on the residents as Icelandic musicians moved from one Icelandic enclave to another. The main churches for Icelanders in Winnipeg were the cornerstones of musical activity. Icelandic congregations became more united as they grew and laid down roots. Church choirs sang in the Icelandic language, directed by conductors and organists who were often Icelandic.

The music of West Icelanders has attracted

increasing levels of attention in recent years, but there is still much to be done in terms of collecting, preserving and publishing the works of the composers and songwriters who were widely recognised during that era. It is particularly notable that Icelandic musicians undauntingly set about composing long choral works such as cantatas and oratorios – much more so than was the case in Iceland. However, few of these works have been performed in recent times. Similarly, little is heard of the instrumental compositions that are frequently referred to.

Here are a few words about each of the songwriters whose works are recorded on this CD.



## WEST ICELANDIC COMPOSERS

### VESTUR-ÍSLENSK TÓNSKÁLD



#### HELGI SIGURÐUR HELGASON

(1872-1958)

Sú var tíðin að Helgi Sigurður var ætíð nefndur Sigurðarnafninu eingöngu og ég held jafnvel að rétt

sé að nota það þannig. Sigurður Helgason var landsþekktur sem höfundur lagsins Skín við sólu Skagafjörður sem sungið var í öllum landshlutum. Menn öfunduðu jafnvel Skagfirðinga af svo myndarlegu héraðslagi og texta.

En Helgi Sigurður var þó fæddur í Reykjavík, sonur hjónanna Helga Helgasonar og Guðrúnar Sigurðardóttur. Helgi eldri var trésmíður, en jafnframt einn helsti tónlistarfrömuður Íslendinga á sinni tíð, stofnandi Lúðraþeytarafélags Reykjavíkur og alunnur höfundur sönglaga. Sum þeirra eru enn sungin - áberandi minna þó heldur en fyrir hálfri öld. Bróðir Helga, Jónas, var járnsmíður að mennt en lærði tónmenntir í Danmörku um stutt

skeið og varð síðan dómorganisti í Reykjavík, e.t.v. mesti tónlistarfrömuður síns tíma hér á landi. Hann samdi einnig lög sem þekkt voru á sínum tíma en eru nú nær alveg gleymd.

Helgi Sigurður flutti til Vesturheims árið 1890, bjó þar upp frá því en fór víða. Foreldrar hans fluttust vestur skömmu síðar en sneru aftur og settust þá að í Vestmannaeyjum. Tónlist var daglega á borðum á æskuheimili Helga Sigurðar en lítið var að hafa af formlegri menntun í Reykjavík. Úr því rættist vestra þar sem hann lærði tónfræði, tónsmíðar og söngkennslu, bæði í einkatímum og skólum. Hann vann alla sína tíð að tónlistarmálum, síðast sem stjórnandi íslensks karlakórs í Blaine í Washington-fylki í Bandaríkjunum. Íslenski únítarasöfnuðurinn var þar öflugur og þar býr enn stór hópur fólks af íslenskum uppruna.

Hér á landi hefur lítið heyrst af tónsmíðum Helga Sigurðar utan áðurnefnds héraðssöngs Skagfirðinga. Þó hefur lag það sem hér er á

diskinum (Fjóla) verið flutt endrum og sinn-  
um síðustu 20 árin. Leitt er ef það fellur aftur  
í gleymsku.

## HELGI SIGURÐUR HELGASON

Helgi Sigurður was usually called by the sec-  
ond of his names, and I think it would be right  
and proper to do the same here. Sigurður  
Helgason was widely known as the composer  
of the song *Skín við sólu Skagafjörður*, which  
is sung all around Iceland. Many people were  
envious of the residents of the Skagafjörður  
district for having such a wonderful anthem.

Sigurður was born in Reykjavík. His par-  
ents were Helgi Helgason and Guðrún Sig-  
urðardóttir. His father was a carpenter, as  
well as being very active in musical life in  
Iceland, forming Lúðraþeytarafélags Reyk-  
javíkur and composing many popular songs.  
Some of these are still performed, although  
clearly less often than 50 years ago. Helgi's  
brother Jónas was a blacksmith who learned  
music theory while living in Denmark. He  
went on to become cathedral organist in  
Reykjavík, and he also vigorously promoted  
music in Iceland. He composed songs that  
were well known at that time, although they  
are largely forgotten nowadays.

Helgi Sigurður emigrated to Canada in 1890  
where he travelled widely. His parents fol-

lowed him a few years later, returning later to  
make their home in Vestmannaeyjar. Music  
was an integral part of daily life as Helgi Sig-  
urður was growing up. Although there was  
little formal education available in Reykjavík,  
the seeds were sown, and when he moved  
abroad, he studied music theory, composi-  
tion and singing, both in private lessons and  
in music schools. He worked as a musician  
all his life, ultimately as conductor of the Ice-  
landic male voice choir in Blaine, in Wash-  
ington State, USA. The Icelandic Unitarians  
were influential in that area, and a large com-  
munity with Icelandic roots still lives there.

Few of Helgi Sigurður's compositions have  
been heard in Iceland apart from the anthem  
mentioned above, although his contribution  
on this CD, *Fjóla*, (Violet) has been per-  
formed on a few occasions during the last  
20 years. It would be a shame if it were once  
again forgotten.



**SIGURÐUR  
BALDVINSSON**  
(1887-1952)

Sigurður var Austfirðing-  
ur, póstafgreiðslumaður  
og póstmeistari á Seyðis-  
firði og síðar í Reykjavík.

Sigurður eignaðist fyrir hjónaband son með  
Theódóru, dóttur Páls Árdal á Akureyri. Það

var Ingi Árdal, faðir Björns læknis og Guð-  
nýjar, konu Gísla Alfreðssonar.

Sigurður virðist hafa haft einhver tengsl vest-  
ur um haf þó ekki sé mér kunnugt um hver  
þau voru. Minningargrein um hann úr Morg-  
unblaðinu (15. jan. 1952) var endurprentuð í  
blöðum í Winnipeg. Um Sigurð var sagt að  
hann hefði verið listfengur mjög og fengist  
við ljóðagerð, tónsmíðar og málaraalist.

Lagið Sandy Bar við texta Guttorms J. Gut-  
tormssonar var flutt á Þingvöllum á hinum 1.  
Vestmannaðegi 2. júlí 1939, þá í útsetningu  
Alberts Klahn fyrir lúðrasveit. Hinn 20. júní  
árið 1949 var lagið flutt í fyrsta sinn vestan-  
hafs í samkomuhúsinu á Hnausum. Það var  
Elma Gíslason sem söng. Hinn 21. nóvember  
það sama ár var lagið svo sungið á samkomu  
til heiðurs skáldinu Guttormi J. Guttorms-  
syni. Sandy Bar er rismikið ljóð sem ort er  
um erfiðleika fyrstu íslensku landnemanna  
við Winnipegvatn.

### SIGURÐUR BALDVINSSON

Sigurður was from East Iceland. He was a  
Post Office assistant who became Head of  
the Post Office in Seyðisfjörður and later in  
Reykjavík.

Sigurður seems to have had some connection  
with North America, but I am not sure exact-

ly what it was. His obituary in the Icelandic  
newspaper Morgunblaðið (15 January 1952)  
was reprinted in the Winnipeg press. Sig-  
urður was said to have been a great artist, tal-  
ented in poetry, composition and painting.

The song Sandy Bar, with text by Guttormur J.  
Guttormsson, was performed at Þingvellir on  
the first Emigrants Day on 2 July 1939, in an  
arrangement for wind instruments by Albert  
Klahn. The song was first performed in Canada  
by Elma Gíslason on 20 June 1949, at a commu-  
nity centre in Hnausa. It was also performed on  
21 November that year at a gathering in honour  
of the poet Guttormur J. Guttormsson. Sandy  
Bar is an extensive poetical work about the dif-  
ficulties faced by the first Icelandic settlers on  
the shores of Lake Winnipeg.



### BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON (1891–1961)

Björgvin var fæddur á  
Vopnafirði 1891. Hann  
var eitt þekktasta og  
afkastamesta tónskáld  
Íslendinga á sinni tíð og höfundur nokkurra  
laga sem enn eru oft sungin.

Björgvin fékk ungur mikinn áhuga á tónlist,  
söng í kirkjukór og síðan í söngfélagi sem  
Kristján Sigtryggsson á Refstað stofnaði í



Vopnafirði. Árið 1911 flutti hann, ásamt bræðrum sínum tveimur og móður, til Winnipeg. Áður en vestur kom hafði Björgvin gefið sig að sönglagasmíð og hélt þeirri iðju áfram þar þótt í fyrstu væri lítið um formlega tónlistarmenntun. Hann hélt áfram að semja lög og íslenskir kórar vestra fluttu þau við mjög góðar undirtektir.

Björgvin flutti til Wynyard (Vatnahverfis) 1915 og vann almenn verkamannastörf þar en hafði áður sótt sér tónlistarþekkingu til Jónasar Pálsónar sem var einn helsti tónlistarmaður Íslendinga í Winnipeg á sinni tíð. Jónas var einnig söng- og sálmalagahöfundur og hafði numið píanóleik, bæði í Englandi og Þýskalandi, áður en hann settist endanlega að vestra.

Gerðist nú hið ótrúlega að Björgvin tók stórstígun framföremur og fór að semja stór verk fyrir kór og einsöngvara og virðist sem hann hafi verið með mörg verk í smíðum samtímis. Hér er ekki vettvangur til að telja öll þessi verk upp, en geta verður þess að kórverk eftir Björgvin sló í gegn á miklum kirkjutónleikum í Elfrós 1917. Hann hafði tekið að sér kórstjórn á hátíð þar sem 400 ára afmælis siðbótar Lúthers var minnst.

Björgvin kvæntist árið 1923 Hólmfríði Guðmundsdóttur og þau fluttust til Winnipeg sama ár. Nokkru síðar minntust menn

hundrað ára stofnafmælis únitarakirkjunnar í Ameríku. Í tilefni af því samdi Björgvin kantötuna Til komi þitt ríki. Hún var þó ekki flutt við neina afmælishátíð en hinn 23. febrúar árið 1926 var verkið flutt í Fyrstu Lúthersku kirkjunni við frábærar undirtektir.

Björgvin hlaut nú almenna viðurkenningu sem tónskáld og var þá strax um haustið styrktur til náms við Konunglega tónlistarháskólann í London. Því námi lauk 1928 og þá fluttist fjölskyldan aftur til Winnipeg. Þar starfaði Björgvin næstu árin og var þá meðal annars Alþingishátíðarkantata hans flutt í Lúthersku kirkjunni áður nefndu.

Árið 1931 bauðst Björgvin að taka að sér tónlistarkennslu við Menntaskólann á Akureyri og þáði hann það boð og fluttist heim. Hann bjó á Akureyri til dauðadags. Hér verður ferill Björgvins á Íslandi ekki rakinn en þó verður að geta þess að hann var en hrið mjög atkvæðamikill í gróskumiklu tónlistarlífi á Akureyri og reyndar óbeint á landinu öllu. Óvenjumikill af um 600 verkum hans var gefið út á prenti og fór víða, sumt í allstórum upplögum. Væri betur að önnur tónskáld íslensk hefðu verið jafniðin við útgáfu verka sinna.

Snilldarstrengur er í Björgvin þegar honum tekst vel upp en sum lög hans leyna á sér. Þau virðast á prenti og í daufum flutningi

vera heldur þunglamaleg og lítt áhugavekjandi. Telja má víst að einhverjir týndir gullmolar leynist enn í safni hans og bíði fágúnar smekkvísra listamanna. Aldrei að vita nema að þessi diskur bæti í þann heiðurslista.

Íslands lag er trúlega þekktast laga hans, samið fáum árum eftir að hann kom vestur en ekki er vitað hversu oft hann fór um það höndum yfir í það form sem nú er alkunnugt. Kvöldbænin er enn meðal vinsælustu útfararlaga.

### **BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Björgvin was born in Vopnafjörður in 1891. He was one of the best known and most prolific Icelanders of his time, and wrote several songs that are still performed today.

Björgvin was interested in music from his childhood. He sang in the church choir and then with a vocal ensemble—the Kristján Sigtryggsson á Refsað—formed in Vopnafjörður. He emigrated in 1911 along with his two brothers and his mother, settling in Winnipeg. Björgvin was known as a songwriter before he left Iceland, and he continued composing when he arrived in Canada, although he had little formal music education. His songs were performed by Icelandic choirs in the West where they were well received.

Björgvin attended music lessons with Jónas

Pálsson, one of the leading Icelandic musicians in Winnipeg at the time, before moving to Wynyard (Vatnabyggð) in 1915, where he worked as a general labourer. Jónas, who had been trained as a pianist in England and Germany before moving to the west, also composed songs and hymns.

Björgvin took a significant step and began writing large pieces for choir and soloists, and it seems that he worked on many compositions simultaneously. I will not discuss them all here, except to mention that a piece by Björgvin was met with acclaim at a large concert held in Elfros in 1917. He was the choir-master at a festival to celebrate the 400th anniversary of Luther's Ninety-Five Theses.

Björgvin married Hólmfríður Guðmundsdóttir in 1923, and the couple moved to Winnipeg later that year. The centenary of the Unitarian Church in America was celebrated a few months later. Björgvin composed a cantata, *Til komi þitt ríki*, especially for the occasion. However, it was not performed during the celebrations, receiving its premiere on 23 February 1926 when it was performed in the First Lutheran Church to rapturous acclaim.

As a result, Björgvin received wide recognition as a composer, and the following autumn he received a grant to attend the Royal

College of Music in London. His course finished in 1928, and the family returned to Winnipeg. Björgvin worked there for several years, during which time his *Alþingishátíðarkantata* was performed for the first time in the Lutheran church.

In 1931, Björgvin was invited to teach music at the secondary school in Akureyri; he accepted the post and moved back to Iceland. He lived in Akureyri until his death. I will not dwell on Björgvin's career in Iceland, except to mention that he played a large part in the growth and development of music in Akureyri, and had an indirect influence on music in Iceland as a whole. An unusually large proportion of his 600 works were published, printed and widely distributed, sometimes in great quantities. Perhaps other Icelandic composers should have been equally diligent in publishing their works.

Björgvin's best works are masterful, although some of his songs had a more immediate appeal. In print and in lacklustre performances, they seem to be rather ponderous and uninteresting. There are surely some gems still hidden in his collection, awaiting more refined, more tasteful performers. Perhaps this CD will bring improved recognition.

Íslands lag is his best-known song, written a

few years after he moved west, although we do not know how many revisions he made before it became the song we now know so well. *Kvöldbænin* is still one of the most frequently sung funeral works.



## GUNNSTEINN EYJÓLFSSON (1866-1910)

Gunnsteinn Eyjólfsson mun hafa verið fyrstur Vestur-Íslendinga til að gefa út sönglag á prenti:

Mig hryggir svo margt, og birtist það í Sunnanfara 1893. Hann var fæddur að Unaósi í Hjaltastaðabínghá en fluttist til Ameríku aðeins 10 ára að aldri. Gunnsteinn stundaði búskap, póstafræiðslu og rak verslun, auk þess að koma að ýmsum félagsmálum. Hann missti heilsuna ungar og lést aðeins tæplega 44 ára gamall.

Gunnsteinn var listfengur og auk þess að semja tónlist skrifaði hann sögur sem birtust á prenti og náðu þær nokkrum vinsældum. Sagt er að hann hafi lært nótur af sjálfum sér og langspili sem hann gróf upp hjá landa vestra. Síðar lærði hann á orgel og tónfræði nam hann í bréfaskóla.

Nokkur sönglög eftir Gunnstein hafa varðveist en ekkert þeirra orðið þekkt að kalla hér á landi. Þegar hann lést var hann að sögn með

stórt tónverk, óratóríó um Jósef í Egíptalandi í smíðum.

### GUNNSTEINN EYJÓLFSSON

Gunnsteinn Eyjólfsson was one of the first West Icelanders to publish a song in print. Mig hryggir svo margt was published in the magazine Sunnanfari in 1893. He was born at Unaós in Hjaltastaðaðing, moving to America when he was just 10 years old. Gunnsteinn was a farmer, postal clerk and grocer, and he was also active in community affairs. He suffered several illnesses while still a relatively young man, and died before he reached 44 years of age.

Gunnsteinn's artistic talents led him to compose music and also to write stories which were often published and became quite popular. He is said to have taught himself to write music and play the langspil having found one of these traditional Icelandic instruments somewhere after he moved to Canada. He went on to learn to play the organ and studied music theory on a correspondence course.

Several of Gunnsteinn's songs survive, although none are particularly well known in Iceland. When he died, he was working on a large-scale piece, an oratorio about Joseph in Egypt.



### STEINGRÍMUR K. HALL (1877-1969)

Steingrímur K. Hall var fæddur í Gimli í Manitoba, foreldrar hans voru ættaðir úr Þingeyjar-sýslum. Steingrímur var e.t.v. fyrstur Íslendinga til að taka háskóla-gráðu í tónlist, Bachelor of Music frá Gustav Adolphus háskólanum í St. Paul í Minnesota. Meiri þekkingu sótti hann til Chicago, en fór aftur í skóla sinn í St. Paul og var um þriggja ára skeið kennari í söng og pianóleik við þann skóla, með prófessorsnafnbót, fyrsti Íslendingurinn í slíkri stöðu.

Árið 1905 kvæntist hann Sigríði Jónsdóttur Hörðal en hún var menntuð söngkona. Árið eftir fluttu þau hjónin til Winnipeg þar sem Steingrímur gerðist organisti við Fyrstu Lúthersku kirkjuna og starfaði þar um þrjátíu ára skeið, auk þess að stunda kennslu. Um hríð stjórnaði hann hornleikaraflokki. Árið 1936 fluttu hjónin til Wynyard í Saskatchewan (Vatnabyggð) þar sem Steingrímur kenndi við fylkisháskólann.

Þrjú sönglagahefti eftir Steingrím komust á prent og talsvert mun vera óútgefið af verkum hans fyrir hljóðferi. Bjartur svipur er gjarnan yfir verkum hans og njóta tónsmíðar hans góðs af þeirri menntun sem hann hlaut umfram

flesta aðra tónlistarmenn íslenska vestra.

### STEINGRÍMUR K. HALL

Steingrímur K. Hall was born in Gimli, Manitoba, to parents who were originally from Þingeyjarsýsla. He was probably the first Icelander to receive a university education in music, becoming a Bachelor of Music at the Gustav Adolphus University in St Paul, Minnesota. He continued his studies in Chicago before returning to St Paul for a three-year period during which time he taught singing and piano at the university, bearing the title Professor, the first Icelander to fill such a position.

In 1905, he married Sigríður Jónsdóttir Hördal, a trained singer. A year later, the couple moved to Winnipeg where Steingrímur continued teaching and became organist at the First Lutheran Church, a position he held for 30 years. He also conducted a brass group for several years. In 1936, he and his wife moved to Wynyard, Saskatchewan (Vatnabyggð), where Steingrímur taught at the state university.

Steingrímur published three collections of songs; a large number of instrumental works remain unpublished. His style is cheerful, and he made use of the good education he received that had not been available to other Icelandic musicians.



### ELMA INGIBJÖRG GÍSLASON (1910-1987)

Elma er yngst þeirra höfundna sem hér er um fjallað, dóttir hjónanna Ingólfs Árnasonar og konu hans, Maríu Frímansdóttur, í Glenboro í Manítóba. Frá þrettán ára aldri lærði hún á píanó hjá Steingrími K. Hall og fleirum en stundaði síðar nám í Tónlistarháskólunum í Toronto og lauk þaðan gráðu í söng og söngmennt árið 1932. Sama ár giftist hún Ragnari Gíslasyni og tók upp eftirnafn hans að þarlandum síð.

Elma var áberandi í tónlistarlífi í Winnipeg þar til hún komst á áttæðisaldur. Hún var söngstjóri í Sambandskirkjunni í Winnipeg (First Federated Unitarian Church), auk þess að vera í fararbroddi óperukóra, og kom fram sem söngvari og kórstjóri á ótalmörgum tónleikum. Efnisskrá hennar var mjög fjölbreytt, m.a. kom hún fram í einsöngshlutverkum í stærri verkum, svo sem Messíasi eftir Handel. Hún kom á laggirnar íslenskum barnakór (Icelandic Centennial Children's Choir) í tengslum við hundrað ára afmæli Íslendingabyggðar í Manítóba árið 1975.

Elma fékkst þó nokkuð við sönglagagerð en er nánast óþekkt á Íslandi.

## ELMA INGIBJORG GÍSLASON

Elma is the youngest of the composers whose works are recorded on this CD. She was the daughter of Ingólfur Árnason and María Frímannsdóttir of Glenboro, Manitoba. She began learning to play the piano when she was 13 years old, attending lessons given by Steingrímur K. Hall and others. She went on to study at the Royal Conservatory in Toronto, completing her courses in singing and choral music in 1932. In that year, she married Ragnar Gíslason, taking his patronymic as a surname.

Elma was very active on the music scene in Winnipeg, well into her seventies. She was choirmaster in the First Federated Unitarian Church in Winnipeg, as well as singing in leading opera choirs and appearing as a soloist or choirmaster in a huge number of concerts. She had a broad repertoire, including singing solo parts in large works such as Handel's Messiah. She established the Icelandic Centennial Children's Choir in 1975 in connection with the centenary of the Icelandic settlement in Manitoba.

Elma composed a number of songs, although she is almost unknown in Iceland.



## JÓN FRÍÐFINNSSON (1865-1936)

Jón fæddist á Þorvaldsstöðum í Breiðdal, en fluttist vestur 1876 ásamt foreldrum sínum. Eftir að Jón fór úr foreldrahúsum

bjó hann í 20 ár í Argyle í Norður-Dakóta, en fluttist til Winnipeg 1905 um svipað leyti og hópur Íslendinga tók sig upp og hóf nýja byggð í Vatnabyggð í Saskatchewan. Jón aflaði sér tónlistarmenntunar í bréfaskólum og í sjálfsnámi lærði hann að leika á bæði fiðlu og orgel. Hann var organleikari og söngstjóri í Argyle síðari árin.

Eftir flutninginn til Winnipeg komst Jón í nám hjá Rhys Thomas, þekktum tónlistarmanni þar um slóðir sem einnig kenndi Sigríði, eigin konu Steingríms Hall. Talið er að Jón hafi samið 50 til 60 sönglög og út komu um 40 þeirra. Alþingishátíðarkantötu samdi hann 1930 og sömuleiðis verkið Strengleik fyrir fjögur hljóðfæri. Kantatan var flutt af tveimur kórum vestra síðasta árið sem hann lifði.

Í Íslensku söngvasafni, fjárlögnum svonefndu, eru þrjú lög eftir vestur-Íslensk tónskáld. Auk laganna Vormenn Íslands og Skín við sólu Skagafjörður, sem minnst var á hér að ofan, er þar ágætt lag eftir Jón Friðfinnsson við ljóð Matthíasar Jocumssonar, Aldarhvöt.

Flýjum ekki, flýjum ekki,  
flýjum ekki þetta land!  
það er að batna, böll að sjatna;  
báran enn þó knýi sand!  
Bölván öll er blessun hulin;  
bíðum meðan þverrar grand.  
Flýjum ekki, flýjum ekki,  
flýjum ekki þetta land!

